

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2023.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt III. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ellilífeyrir, skv. 1. mgr. 23. gr.	307.829	3.693.948
Hálfur ellilífeyrir, skv. 2. mgr. 23. gr.	153.915	1.846.980
Örorkulífeyrir, skv. 4. mgr. 18. gr.	58.222	698.664
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 19. gr.	43.041	516.492
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 19. gr.	58.222	698.664
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 20. gr.	42.634	511.608
Aldurstengd örorkuuppbót (100%), skv. 2. mgr. 21. gr.	58.222	698.664
Tekjutrygging, skv. 3. mgr. 22. gr.	186.444	2.237.328

<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ráðstöfunarfé, skv. 8. mgr. 48. gr.		92.406	1.108.872
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 9. mgr. 48. gr.	4.488		
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 63. gr.		42.634	511.608

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	12.343	148.116
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum		
eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	32.090	385.080
Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.	42.634	511.608
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	230.682	2.768.184
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	195.731	2.348.772
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	63.503	762.036
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	47.570	570.840
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	58.222	698.664
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	77.787	933.444
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	63.020	756.240
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.	21.520	258.240

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar

2023. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 616/2022, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2022.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 20. desember 2022.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.